ur og eigi, að því er ráðgjafanum virðist, neitt skipt sjer af því, er skipið sýnir skilríki sín, þótt nokkuð af farminum eigi að fara á aðra höfn en skipið hefir fyrst leitað inn á, með því að í 2. grein í tilskip. 26. febr. 1872 er svo fyrir mælt með berum orðum, að þótt ekkert sje affermt á þeim stað, sem skipið sýnir fyrst skjöl sín, og allur farmurinn eigi að fara á aðra eða aðrar hafnir, eigi að greiða lögreglustjóranum þar gjaldið af öllum áfengum drykkjum, sem skipið hefir meðferðis, áður en skipaskjölunum er skilað aptur. Eptir þessum reglum á þá að greiða af skipinu Draxholm, sem hefir sýnt skjöl sín fyrst í Reykjavík, gjald samkvæmt lögum frá 11. febr. þ. á. af öllu því, sem það hafði meðferðis af áfengum drykkjum, eins og þjer, herra landshöfðingi, hafið sagt, þótt nokkuð af því ætti að fara til Hafnarfjarðar; en aptur á móti verður hitt skipið, Waldemar, sem sýndi skjöl sín fyrst í Hafnarfirði, að komast hjá hinu hækkaða gjaldi eptir tjeðum lögum, af þeim vörum líka, sem ætlaðar eru til Reykjavíkur, því að gjaldið á hvernig sem á stendur að taka eptir þeim reglum, sem gilda þar, sem skipið sýnir fyrst skilríki sín. **75** 30. júní.

Að því er snertir spurninguna um, hvernig heimta eigi tóbakstollinn, verður ráðgjafinn að fallast á álit herra landshöfðingjans«.

Þetta leiði jeg eigi hjá mjer að gefa yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegrar vitundar.

— *Brjef* landshöfðingja *til beggja amtmanna og landfógetans um að* **76** 1. júlí.

5	ljósmæðrum	í	Skaptafellssýslu,
7	—	-	Rangárvallasýslu,
11	—	-	Árnessýslu,
12	—	-	Gullbringu- og Kjósarsýslu,
5	—	-	Borgarfjarðarsýslu,
1	—	-	Mýrasýslu,
2	—	-	Snæfellsnessýslu,
1	—	-	Dalasýslu,
1	—	-	Barðastrandarsýslu,
4	—	-	Ísafjarðarsýslu,
1	—	-	Strandasýslu,
3	—	-	Húnavatnssýslu,
2	—	-	Skagafjarðarsýslu,
13	—	-	Eyjafjarðarsýslu,
5	—	-	Þingeyjarsýslu,
3	—	-	Norður- og Suðurmúlasýslum,

alls 76 ljósmæðrum sje samkvæmt tillögum landlæknisins veittur 2 kr. 63 aura styrkur hverri, af þeim 200 kr., sem konungsbrjef frá 20. júní 1766, 3. gr. skipar, að útbluta skuli árlega til allra ljósmæðra hjer á landi.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **77** 6. júlí.
kennslu heyrnar- og málleysingja. Ráðgjafinn fyrir Ísland hafði eptir tillögum landshöfðingja fengið samþykki kirkju- og kennslustjórnarinnar til þess, að stúlkubarninu Rebekku Sigurlínu Stefánsdóttur yrði veitt viðtaka í heyrnar- og málleysingjastofnunina í Khöfn, þótt hún væri kominn langt yfir inntökualdurinn, «ef það sje fast sótt»; en jafnframt hafði kirkju- og kennslustjórnin skýrt frá, að tjeð stofnun hafi vakið athygli á því,